

Fangelsismálastofnun ríkisins og EKRON gera með sér svohljóðandi

Samkomulag

um vistun afplánunarfanga á áfangaheimilinu EKRON

1. gr.

Ákvörðun

Fangelsismálastofnun ákveður í samráði við EKRON hvaða afplánunarfangar skuli vistaðir þar. Miðað er við að ekki verði vistaðir fleiri en einn til þrír fangar á áfangaheimilinu á sama tíma og að þeir verði að jafnaði ekki vistaðir þar lengur en 12 mánuði í senn.

2. gr.

Skilyrði

Fangelsismálastofnun ákveður, að höfðu samráði við EKRON, hvaða skilyrði gilda um vistun afplánunarfanga á áfangaheimilinu.

Forsendur fyrir vistun eru að fangi samþykki skilyrði samkvæmt samkomulagi þessu og önnur skilyrði er Fangelsismálastofnun setur fyrir vistun þar.

Forráðamönnum áfangaheimilisins er heimilt að vísa fanga af heimilinu aftur í fangelsi án fyrirvara teljist hann ekki uppfylla skrifleg skilyrði er gilda um vistun þar.

3. gr.

Fangi skal undirrita skilyrði sem Fangelsismálastofnun setur fyrir dvöl á EKRON. Hann skal einnig undirgangast reglur áfangaheimilisins enda skarist þær ekki á við skilyrði þau sem Fangelsismálastofnun setur.

4. gr.

Fangi skal fara í einu og öllu að fyrirmælum Fangelsismálastofnunar og forráðamanna áfangaheimilisins. Starfsmönnum Fangelsismálastofnunar er heimilt að heimsækja fanga að höfðu samráði við starfsmenn áfangaheimilisins.

5. gr.

Ábyrgðaraðili

Áfangaheimilið skal tilnefna starfsmann sem sér um og ber ábyrgð á samskiptum Fangelsismálastofnunar og heimilisins er lýtur að framkvæmd og tilhögun vistunar fanga.

6. gr.

Tilkynningar

Áfangaheimilinu er skylt að tilkynna Fangelsismálastofnun tafarlaust um öll frávik frá þeim reglum er gilda um vistun fanga þar. Á skrifstofutíma skal haft samband við starfsmann Fangelsismálastofnunar í síma 520-5000. Á öðrum tímum skal haft samband í bakvaktarsíma Fangelsismálastofnunar 892-2794.

7. gr.

Kostnaður

Fangelsismálastofnun greiðir ekki fyrir vistun fanga á áfangaheimilinu en slíkt verður endurskoðað að liðnum reynslutíma.

8. gr.


Gildistími

Samkomulag þetta tekur gildi við undirritun og er gagnkvæmur uppsagnarfrestur 1 mánuður.

Samningurinn skal endurskoðaður að sex mánuðum liðnum frá undirritun.

Samkomulagið byggir á 2. mgr. 15. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005.

Reykjavík, 31. október 2008



F.h. Fangelsismálastofnunar ríkisins
Páll E. Winkel (sign)



F.h. EKRON
Hjalti Kjartansson (sign)